

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og gámasvæði í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg nr. 115/2010.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

<i>Gjaldtegund</i>	<i>120 l spartunna</i>	<i>140 l spartunna og brúntunna</i>	<i>240 l tunna</i>
Sorphreinsunargjald	28.500 kr.	28.500	28.500 kr.
Sorpeyðingargjald	23.430 kr.	27.335	36.500 kr.
Samtals	52.000 kr.	55.835	65.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldfrjálsu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu á gámasvæði Sveitarfélagsins Árborgar.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á heimilissorpi allt að 0,5 m<sup>3</sup> á gámasvæði Sveitarfélagsins Árborgar.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gleri og blátunnuefni í grenndarstöðvar í sveitarfélaginu.

Frá og með 1. janúar 2021 verður boðið upp á 140 l spartunnu og ekki lengur hægt að kaupa 120 l tunnu.

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tíma-bundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

Önnur gjöld:

Pokagjald: Sérmerktir sorppokar	480 kr./stk.
Tunnugjald: Nýjar 140 l tunnur	10.560 kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	13.530 kr./ílát
Tunnugjald: Ný 660 l ker	43.000 kr./ílát
Samsetningar- og útkeyrslugjald	2.500 kr./ílát
Tunnufesting	3.800 kr./stk.
Teygjufesting á lok í lausasölu	800 kr./stk.
Teygjufesting á lok sett á nýjar tunnur	1.000 kr./stk.

Pokagjald, tunnugjald og/eða samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu.

Samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu. Verð eldri tunnu miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst.

Sé tunnum fækkað og tunnu skilað er hún innleyst á upprunalegu verði að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því að notkun hófst.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Árborg (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn:

<b>Óflokkað</b>	<i>Kr./kg m.vsk</i>
<i>Blandaður úrgangur:</i>	46
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggun	

<i>Grófur úrgangur:</i> Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler	51
<b>Flokkað</b>	<i>Kr./kg</i>
<i>Timbur:</i> Hvítmálað, plasthúðað og blandað Trjábolir og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta) Hey, trjáafklippur, gras, hálmur og arfi Dagblöð/tímarit Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju <i>Málmar:</i>	26 12 0 11 11 0
<i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i>	<i>Kr./kg</i>
Umbúðir úr sléttum pappa Plastumbúðir Heyrúlluplast Bylgjupappi Hjólbarðar Raftæki Spilliefni	0 31 0 0 0 0 0
<i>Annað:</i>	<i>Kr./kg</i>
Smádyrahæ og sláturúrgangur (lágmark 2.000 kr við afgreiðslu)	205
Fljótandi úrgangur (seyra)	18
Húsdýraúrgangur	13
Ómengaður úrgangur til urðunar, t.d. jarðvegur, steinefni	25
<i>Jarðefni til afhendingar:</i>	<i>Kr./kg</i>
Mulningur 0-25	3,43
Drenmöl 10-25	4,18
N. sandur 0-8	3,16
Fjörusandur	1,89

Lágmarkskomugjald er 600 kr.

Lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) er 1.137 kr./m<sup>3</sup>.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1278/2019.

*Þannig samþykkt í bæjarstjórn 16. desember 2020.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.